

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Vatnsendahvarf – athafnasvæði 3. Tónahvarf 12. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 13. desember 2022 breytingu á deiliskipulagi á Vatnsendahvarfi – athafnasvæði 3, fyrir lóðina nr. 12 við Tónahvarf. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits um 3 x 6,4 metra á suðausturhluta lóðarinnar, um alls 19 m² þar sem komið verður fyrir inntaks- og lagnarými á jarðhæð. Í breytingunni felst einnig hækkun byggingarreits um 2 metra miðlægt á lóðinni svo tæknibúnaður geti staðið ofan efsta kóta. Einnig er nýtingarhlutfall uppfært vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á lögum um útreikning nýtingarhlutfalls, þ.e. B-rými skulu teljast með við útreikning nýtingarhlutfalls. Bilastæðakrafa verður eitt stæði á hverja 50 m² atvinnuhúsnaðis og eitt stæði á hverja 100 m² geymsluhúsnaðis.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Rjúpnahæð, vesturhluti. Austurkór 177. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 13. júní 2023 breytingu á deiliskipulagi Rjúpnahæðar, vesturhluta, fyrir lóðina nr. 177 við Austurkór. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir aukahús (frístundaherbergi) 3,82 x 5,5 metrar í suðvesturhorni lóðar. Frístundahúsið er einnar hæðar timburhús með 3,14 m mænishæð.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 19. júlí 2023.

Smári Smáráson aðstoðarskipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 19. júlí 2023